

Kennari:
Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir
Sigríður Heiða Sigurðardóttir

Kennslufyrirkomulag:
Verkleg og bókleg kennsla inn í bekk

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Bekkur:
1. og 2. bekkur

Tækni

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að hjálpa nemendum að öðlast góða tæknifærni og öðlast tæknilæsi. Tæknifærnin felur meðal annars í sér getu að nýta ýmis fjölbreytt tæki og tæknibúnað.

Hið stafræna læsi vísar til þeirrar kunnáttu sem fólk þarf að tileinka sér til þess að geta notað tölvu- og nettækni til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi. Það snýst um orð jafnt sem ljósmyndir, prentað mál jafnt sem tónlist, það varðar allt litróf efnisumsýslunnar, þ.e. aðföng, úrvinnslu og miðlun.

Tæknismiðja

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
I-pad Tæknisjónvarp	Orðagull Georg og félagar Box island Osmo Active floor Google earth Kahoot Bee bot	<ul style="list-style-type: none">- nýtt sér form tækninnar til að leita sér upplýsinga- sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn- geti meðhöndlað tæki af virðingu- sýnt kurteisi og virðingu í samskiptum- farið eftir fyrirmælum	Hópavinna Einstaklingsvinna Sýnikennsla Leiðsögn
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága